

Stjórnarfundur 11 desember 2024 Félagsheimil Borgfirðings,

Fundargerð

Mættir eru;

Ísólfur Ólafsson, Friðrika Ásmundsdóttir, Gunnar Halldórsson, Halldór Sigurkarlsson
Eypór Gíslason, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Ólafur Axel Björnsson, Steinunn
Árnadóttir

1 mál; Undirrituð voru skjöl vegna breytinga á stjórn, skilað til skattstjóra

2 mál; Jákvætt svar komið frá Borgarbyggð um Vindás, unnið áfram í teikningum
burðarþolsteikningar og fl Ómar Pétursson er að vinna þetta verk, halda á áfram við
að klára þessa vinnu fyrir vor, Ísólfur verður í nefnd fyrir hönd okkar stjórnar

2 mál; vegur um Vallarás að hesthúsaþverfinu, skv. Skipulagi verður tenging hingað
að hesthúsaþverfi. Svar frá Stefáni Brodda ætlar að skoða málið og reyna að flýta
verkinu, mjög jákvætt fyrir allt aðgengi hér í hverfinu og umferð sérstaklega á
komandi fjórðungsmóti

3 mál; Nefndir félagsins flestar teknar til starfa, mótanefnd búin að funda og komnar
dagsetningar á mótin

4 mál; Gjaldskrá í reiðhöll mikil lækkun frá í fyrra, vonumst til að fleiri nýti sér aðgang
að reiðhöll, stjórn samþykkir samhljóða, hvetjum félagsmenn til að nýta sér höllina
okkar

5 mál; Íþróttamaður ársins tilnefnum Flosa Ólafsson fyrir hönd Borgfirðings, koma
bikar í áletrun, komið er að Borgfirðing að halda viðburðinn fáum 200 þús kr fyrir
þurfum 4 aðila til að koma að þessu. Haldið í Hjálmakletti 19 janúar 2025.

6 mál; Uppskeruhátið hestamannafélga Vesturlands Fosshótel Reykholt haldin 11
janúar, Auglýsing kemur fljótlega Steinunn Árnadóttir tekur það að sér

7 mál; Klæðning á félagsheimilinu Guðjón Gunnlaugsson smiður sér um það í
samstarfi við stjórn, gott að koma þessu áfram í réttar hendur og koma þessu í verk.

8 mál; Reiðhallarball síðasti vetrardagur 23 apríl 2025

9 mál; Armbönd í keppni ákveðið að kaupa armmerkingar, Eypór fer í málið

10 mál; Skipulagsmál, lenging á kynbótabraut og annað þarf að senda inn til
Borgarbyggðar Kristján Gísla er tilbúinn til að sjá um það

11 mál; Íslandsmót búið að sækja um að halda Íslandsmót fullorðinna árið 2027
umsókn staðfest

Fundi slitið